

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kjósarhreppi.

Deiliskipulag frístundahúsasvæðis í landi Neðra-Háls, breyting á deiliskipulagi.
Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti 3. apríl 2024 tillögu að breytingu á deiliskipulagi.
Breytingin felur í sér sameiningu lóðanna Langás 11 (L178491) og Langás 12 (L196651). Eftir breytingu verður sameinuð lóð 11.181 m². Breyting deiliskipulagsins hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ekki var talin þörf á grenndarkynningu skv. 44. gr. laganna. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag frístundahúsasvæðis í landi Háls, breyting á deiliskipulagi.
Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti 3. apríl 2024 tillögu að breytingu á deiliskipulagi.
Breytingin felur í sér uppskiptingu lóðar Ennisbrautar 1 í tvær lóðir. Stærð lóðanna verður eftir breytingu 5.000 m² og austari byggingarreitur minnkar við breytinguna. Breyting deiliskipulagsins hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ekki var talin þörf á grenndarkynningu skv. 44. gr. laganna. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 10. apríl 2024.

F.h. sveitarstjórnar Kjósarhrepps,

Helena Ósk Óskarsdóttir, sérfræðingur á skipulagssviði.